



206. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 24. janúar 2013 kl. 16:00.

Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Helga Steinunn Guðmundsdóttir ritari, Friðrik Einarsson, Örn Andrésson, Sigríður Jónsdóttir, Helga H. Magnúsdóttir, Jón Gestur Viggósson, Ingibjörg Berggrós Jóhannesdóttir, Gústaf Adolf Hjaltason 1. varamaður, Garðar Svansson 2. Varamaður, Gunnlaugur Júlíusson 3. varamaður og Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri sem einnig ritaði fundargerð.

Forföll: Lárus Blöndal varaforseti og Hafsteinn Pálsson.

1. Ólympísk verkefni

EYOWF 2013

Undirbúningur gengur vel en leikarnir hefjast 17. febrúar næstkomandi. Forseti og framkvæmdastjóri sækja leikana.

Smáþjóðaleikar 2013 í Luxemborg

Farið yfir undirbúning fyrir Smáþjóðaleikana en ljóst er að sendinefnd ÍSÍ á leikunum verður í stærra lagi vegna undirbúnings fyrir leikana hér á landi 2015.

Sochi 2014

Aðalfararstjórafundur verður haldinn í Sochi 5.-9. febrúar nk. Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri Afreks- og ólympíusviðs ÍSÍ munu sækja fundinn.

Fundur um markmið með þátttöku í ólympískum verkefnum

Afreks- og ólympíusvið ÍSÍ hélt fund með ólympískum sársamböndum ÍSÍ um ofangreint málefni. Vel var mætt á fundinn og voru góðar umræður í hópavinnu. Fulltrúar frá ÍSÍ sátu í öllum vinnuhópum til að safna upplýsingum til frekari úrvinnslu.

2. Smáþjóðaleikar 2015

Helga Steinunn Guðmundsdóttir kynnti vinnu skipulagsnefndar Smáþjóðaleikanna 2015. Nefndina skipa Helga Steinunn Guðmundsdóttir formaður, Gunnar Bragason gjaldkeri ÍSÍ, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSÍ, Ómar Einarsson framkvæmdastjóri ÍTR, Eva Einarisdóttir formaður ÍTR, Steinþór Einarsson frá ÍTR, Ingvar Sverrisson formaður ÍBR, Frímann Ari Ferdinandsson framkvæmdastjóri ÍBR og Óskar Ármannsson frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Umræður voru um möguleg áhrif 1. Evrópuleikanna sem EOC samþykkti á síðasta aðalfundi sínum í desember 2012 að verði haldnir árið 2015. Dagsetning hefur ekki verið endanlega ákveðin en líkur eru á að leikarnir verði haldnir seinni part júnímánaðar.

3. 71. Íþróttaping ÍSÍ

Rætt um undirbúning fyrir 71. Íþróttaping ÍSÍ og farið yfir helstu tímasetningar fyrir þing, meðal annars skilafrest á tillögum sem leggja á fram á þinginu. Formenn stoðsviða og nefnda ÍSÍ hvattir til að huga að tillögugerð ef talin er þörf á. Verið er að skoða stefnur ÍSÍ með tilliti til uppfærslu. Formanni Laganefndar falið að hafa forgöngu um skoðun á lögum ÍSÍ með tilliti til hugsanlegra breytinga fyrir fund framkvæmdastjórnar í febrúar.

Friðrik Einarsson minnti á að ósk liggur fyrir um að Afreksstefna ÍSÍ sé tekin upp á hverju Íþróttapingi.

4. Ferðasjóður íþróttafélaga

Helga Steinunn Guðmundsdóttir formaður vinnuhóps um Ferðasjóð íþróttafélaga lagði fram tölulegar upplýsingar um úthlutun úr sjóðnum vegna keppnisferða 2012. Gert er ráð fyrir því að úthlutunin verði tilkynnt um miðjan febrúar þegar búið verður að upplýsa ráðuneytið um niðurstöðu úthlutunar. Úhlutað verður eftir sömu forsendum og áður. Til úthlutunar að þessu sinni er 61,7 m.kr. eftir búið er að gera ráð fyrir þremur milljónum til reksturs sjóðsins. Engar athugasemdir gerðar við úthlutunina.

5. Útbreiðslustyrkur sérsambanda ÍSÍ

Gunnar Bragason gjaldkeri ÍSÍ lagði fram tillögu Fjármálaráðs ÍSÍ um skiptingu útbreiðslustyrks til sérsambanda ÍSÍ. Tillagan samþykkt.

6. Skipting ríkisstyrks til sérsambanda ÍSÍ

Gunnar Bragason gjaldkeri ÍSÍ lagði fram tillögu Fjármálaráðs ÍSÍ um skiptingu ríkisstyrks til sérsambanda ÍSÍ. Tillagan samþykkt.

7. Lottóskipting sérsambanda ÍSÍ

Gunnar Bragason gjaldkeri ÍSÍ lagði fram tillögu Fjármálaráðs ÍSÍ um skiptingu lottós til sérsambanda ÍSÍ. Tillagan samþykkt.

8. Endurskipan Bogfiminefndar ÍSÍ

Framkvæmdastjóri skýrði frá erindi frá Bogfiminefnd ÍSÍ um breytingu á skipan nefndarinnar. Gunnar Smári Gunnarsson hefur beðist undan störfum frá nefndinni. Í hans stað kemur Rúnar Þór Björnsson. Skrifstofu falið að senda Rúnari skipunarbréf.

9. Heiðranir

Engar tilnefningar lágu fyrir um heiðranir.

10. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir voru lagðar fram og staðfestar:

- 205. fundur framkvæmdastjórnar
- 1. og 2. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ
- Fundar Þróunar- og fræðsluviðs ÍSÍ frá 23. janúar 2013
- Funda Afrekssjóðs og Sjóðs ungra og efnilegra frá 3. janúar, 10. janúar, 17. janúar og 22. janúar 2013 (úthlutun 2013)

Úthlutanir úr Afrekssjóði ÍSÍ

Umsóknir bárust frá 23 sérsamböndum ÍSÍ. Þau voru BLÍ, BSÍ, BTÍ, DSÍ, FRÍ, FSÍ, GSÍ, HSÍ, ÍF, ÍHÍ, JSÍ, KAÍ, KKÍ, KLÍ, KRA, KSÍ, LH, LSÍ, SKÍ, SKY, SSÍ, STÍ og TSÍ. Alls var sótt um styrki vegna verkefna 55 íþróttamanna, auk þess sem að sótt var um fyrir 8 lið í hópíþróttum og 20 landsliðsverkefni. Heildarkostnaður umsókna var rúmlega 482 m.kr. eða rúmlega 371 m.kr. ef ekki er taldir með kostnaðarliðir er snúa að framfærslu, Smáþjóðaleikum eða verkefnum yngri landsliða.

Tillögur sjóðsstjórnar fela í sér að 19 landsliðsverkefni verði styrkt auk 6 liða í hópíþróttum. Þá er lagt til að sérsamböndin fá einstaklingsstyrki vegna 21 íþróttamanns.

Alls er lagt til að úthlutun úr Afrekssjóði ÍSÍ verði kr. 71.820.000.

Vísað er í fundargerð Afrekssjóðs ÍSÍ og Sjóðs ungra og efnilegra frá 22. janúar 2013.

Úthlutanir úr Sjóði ungra og framúrskarandi efnilegra íþróttamanna

Alls bárust umsóknir frá 19 sérsamböndum/íþróttanefndum ÍSÍ. Þau eru BLÍ, BSÍ, DSÍ, FRÍ, FSÍ, GSÍ, HJÓ, HSÍ, ÍF, ÍHÍ, ÍSS, JSÍ, KAÍ, KLÍ, KSÍ, SKÍ, SKY, SSÍ, TSÍ. Sótt um styrki vegna verkefna 66 íþróttamanna auk þess sem að umsóknir fjögurra voru færðar úr Afrekssjóði ÍSÍ í sjóð ungra og

framúrskarandi efnilegra íþróttamanna. Þá var sótt um fyrir 9 lið í hópíþróttum og 10 verkefni. Heildarkostnaður umsókna var rúmlega 212 m.kr.

Tillögur sjóðsstjórnar fela í sér að 9 verkefni verði styrkt auk 5 liða í hópíþróttum. Þá er lagt til að sérsamböndin fá einstaklingsstyrki vegna 14 íþróttamanna.

Alls er lagt til að úthlutun úr Styrktarsjóði ungra og framúrskarandi efnilegra íþróttamanna verði kr. 10.000.000.

Vísað er í fundargerð Afrekssjóðs ÍSÍ og Sjóðs ungra og efnilegra frá 22. janúar 2013.

Fyrirhugað er að halda blaðamannafund í næstu viku þar sem úthlutunin verður kynnt.

Starfsreglur Afrekssjóðs ÍSÍ

Sjóðsstjórn leggur til við framkvæmdastjórn að A styrkur fari úr 160 þús. á mánuði í kr. 200 þús., B styrkur úr 80 þús. í kr. 120 þús. og C styrkur úr 40 þús. í kr. 60 þús. Tillagan samþykkt.

- Fjármálaráðs frá 9. janúar 2013

Fjármálaráð ÍSÍ gerir tillögu um að teknað verði 3 m.kr. til umsýslu vegna Ferðasjóðs íþróttafélaga, skv. heimild í samningi um sjóðinn. Tillagan samþykkt.

Fjármálaráð ÍSÍ gerir tillögu um að teknað verði 3 m.kr. til umsýslu vegna Íþróttaslysasjóðs, skv. heimild í samningi um sjóðinn. Tillagan samþykkt.

11. Viðburðir framundan

Farið yfir þá viðburði sem framundan eru á næstunni og til lengri tíma litið.

12. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næsti fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ verður haldinn 28. febrúar 2013.

13. Önnur mál

Rammasamningur

Friðrik Einarsson leitaði upplýsinga um stöðu á viðræðum við mennta- og menningarmálaráðuneytið vegna rammasamnings um fjárframlög til ÍSÍ.

Beðið er eftir tillögu frá ráðuneytinu.

Lagamál

Fyrir liggur minnisblað vegna afgreiðslu á lögum þriggja félaga til afgreiðslu fyrir framkvæmdastjórn.

Knattspyrnufélagið Vatnaliljur

Gerðar eru eftirfarandi athugasemdir við 2. yfirllestur:

7. grein

Í dagskrá aðalfundar þarf að koma fram hvort að stjórnin er öll kosin í einu lagi og skiptir þá með sér verkum eða hvort að formaður er kosinn sér o.s.frv.

11. grein

Bæta þarf stafnum „s“ við orðið málfrelsi í 2. setningu greinarinnar svo þar standi „málfrelsis“

15. grein

Sá hluti greinarinnar sem viðkemur því hvert eignir félagsins renna við slit félagsins er of opin. Æskilegra væri að þarna kæmi ákveðið fram hvert eignirnar renna eða þá að bætt verði við greinina „samkvæmt ákvörðun aðalfundar“.

Lög félagsins staðfest með fyrirvara um ofangreindar breytingar.

Knattspyrnufélagið Mídas

Lagfærð lög Knattspyrnufélagsins Mídasar staðfest án athugasemda.

Bogfímifélagið Boginn

Eftirfarandi athugasemdir gerðar:

3. grein

Breyta þarf greininni þannig að hún hljóði svo: „Tilgangur félagsins er iðkun íþrótta félagsins með æfingum og keppni.“

5. grein

Breyta þarf setninguninni þannig að þar standi: „Einnig skal kosið um embætti gjaldkera og ritara á aðalfundi en ef enginn býður sig fram í þau embætti á aðalfundi þá skipta formaður, varaformaður og meðstjórnandi verkefnum þeirra embætta á milli sín.“

6. grein

Töluliður 8 – c.liður:

Bæta væri að orða þetta þannig: Kosinn gjaldkeri og ritari

Ef kosið er um hvert embætti sérstaklega þá er heppilegra að hafa sérstakan tölulið fyrir kosningu hvers embættis. Annars mætti ætla að þau embætti sem saman eru talin í hverjum tölulið skipti með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum.

Í síðustu málsgrein greinarinnar þarf að breyta orðinu „aukaaðalfundar“ í „félagsfundar“.

7. grein

Bæta þarf inn í setninguna þannig að þar standi: „Starfs- og reikningstímabil félagsins er almanaksárið.“

Framkvæmdastjórn ÍSÍ staðfesti lög félagsins með fyrirvara um ofangreindar breytingar.

World Outgames

Reykjavíkurborg og ÍBR sóttu um að World Outgames verði haldnir hér á landi árið 2017 en þessir leikar eru íþrótta-, menningar- og mannréttindaviðburður. Nú liggur fyrir að valið stendur á milli Reykjavíkur og Miami sem gestgjafaborg leikanna. Sendinefnd frá Gay Lesbian International Sports Association - GLISA verður hér á landi um næstu helgi til að taka út mannvirki og aðra þá þætti sem lúta að framkvæmd þessa viðburðar. Framkvæmdastjóri ÍSÍ er fulltrúi ÍSÍ í undirbúningshópi vegna leikanna. Framkvæmdastjóri ÍSÍ og framkvæmdastjóri ÍBR munu fylgja sendinefndinni við skoðun á íþróttamannvirkjum í heimsókninni. GLISA mun tilkynna niðurstöðuna um val á keppnisstað leikanna 28. febrúar nk.

Fjárhagsáætlun ÍSÍ

Gjaldkeri ÍSÍ greindi frá vinnu við gerð fjárhagsáætlunar fyrir næstu tvö ár. Einnig greindi hann frá tillögu vegna fjármögnunar á skráningarkerfi ÍSÍ og UMFÍ – Felix en sú tillaga verður lögð fyrir íþróttaping.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri